

RANNUM
Rannsóknarráð umferðaröryggismála

Umferðarfræðsla í grunnskóla sem hluti af lífsleikni

Lokaskýrsla

Grundaskóli
Akranesi
410169-4449

Verkefnisstjórar
Ásta Egilsdóttir
Sigurður Arnar Sigurðsson

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	<i>bls. 2</i>
<i>Markmið</i>	<i>bls. 2</i>
<i>Framkvæmd</i>	<i>bls. 3</i>
<i>Lokaorð</i>	<i>bls. 6</i>
<i><u>Fylgiskjal 1</u> - Árstíðabundnar áherslur í umferðarfræðslu</i>	<i>bls. 7</i>
<i><u>Fylgiskjal 2</u> - Samstarf við utanaðkomandi aðila</i>	<i>bls. 8</i>
<i><u>Fylgiskjal 3</u> – Vefir</i>	<i>bls. 10</i>
<i><u>Fylgiskjal 4</u> - Umferðarfræðsla - hugsanleg tengsl við aðrar námsgreinar</i>	<i>bls. 13</i>
<i><u>Fylgiskjal 5</u> - Áherslur í umferðarfræðslu heimilanna</i>	<i>bls. 15</i>
<i><u>Fylgiskjal 6</u> - Hvers vegna umferðarfræðsla?</i>	<i>bls. 16</i>
<i><u>Fylgiskjal 7</u> - Niðurstöður hópvinnu</i>	<i>bls. 18</i>

Inngangur

Árið 2002 fékk Grundaskóli styrk frá RANNUM til að gera úttekt á umferðarfræðslu í Grundaskóla og á samstarfi við utanaðkomandi aðila í málaflokknum. Niðurstöður birtust í skýrslunni *Umferðarfræðsla - Könnun á umferðarfræðslu í Grundaskóla*. Þar kemur fram að gera þarf endurbætur á skólanámskrá Grundaskóla í þá átt að ákvæði Aðalnámskrá verðir virt í skólanámskránni og að umferðarfræðslan verði virkur þáttur í starfsemi skólans.

Úttekt þessi var aðeins fyrsta skrefið í því að byggja upp markvissa og heildstæða umferðarfræðslu sem sjálfsagðan þátt í lífsleikninámi og öðrum forvörnum sem unnið er með í skólanum. Viðbótarstyrkur fékkst frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála – RANNUM fyrir árið 2003 til að vinna verkið enn frekar. Fékk það heitið „*Umferðarfræðsla í grunnskóla sem hluti af lífsleikni*“ og var unnið af kennurunum Ástu Egilsdóttur og Sigurði Arnari Sigurðssyni, deildarstjóra unglíngastígs og aðstoðarskólalastjóra Grundaskóla.

Verkefninu voru sett eftirfarandi markmið:

- I. Að vinna upp endurbætur á Skólanámskrá Grundaskóla þannig að hún endurspegli ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla um umferðarfræðslu.
- II. Að semja heildstæða áætlun um umferðarfræðslu frá 1. - 10. bekk þannig að samfella/stígandi verði í fræðslunni frá upphafi skólagöngu til loka grunnskólans. Undir þetta flokkast að setja fram tillögur að námsefni fyrir hvern árgang.
- III. Að skilgreina og styrkja samstarf við utanaðkomandi aðila eins og sýslumannsembættið (þ.m.t. lögreglu), ökukennara, Rauða krossinn og félagsmáladeild bæjarins.
- IV. Að efla þátt foreldra og samstarf þeirra og skólans í málaflokknum.
- V. Að útbúa gátlista fyrir kennara yfir atriði sem nauðsynlegt er að taka fyrir í byrjun hvers skólaárs.

VI. Að kanna óskir eldri nemenda um áherslur í umferðarfræðslu ásamt þekkingu þeirra og viðhorfi til laga og reglna sem gilda í umferðinni.

VII. Að vinna tillögur að námsmati á öllum skólastigum.

Í áætlun sem fylgdi umsókninni er gert ráð fyrir að verkefnið nái yfir skólaárið 2003 – 2004. Var sú áætlun látin halda sér þó svo að styrkurinn miðist við áramót enda er verkefnið þess eðlis að því lýkur ekki fyrr en endurskoðun skólanámskrár í lok skólaárs er lokið.

Framkvæmd

Endurskoðun á skólanámskrá Grundaskóla og samanburður við Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 fór að mestu fram skólaárið 2002 – 2003. Upphafleg ætlun styrkþega var að útbúa heildstæða áætlun um umferðarfræðslu frá 1. - 10. bekk ásamt tillögum að námsmati á öllum skólastigum og námsefni fyrir hvern árgang en frá því brugðið og verkið lagt í hendur umsjónarkennara. Verkefnið var kynnt á kennarafundi á skipulagsdögum í ágúst 2003 þar sem umsjónarkennarar fengu tillögur að umferðarfræðslu sem settar voru fram að lokinni úttektinni sem gerð var skólaárið 2002 – 2003 (sjá skýrsluna *Umferðarfræðsla - Könnun á umferðarfræðslu í Grundaskóla*). Einnig fengu þeir eftirfarandi gögn/upplýsingar til að auðvelda skipulag námsins:

- Gátlista yfir árstíðabundnar áherslur í umferðarfræðslu (sjá fylgiskjal 1).
- Yfirlit yfir ýmsa aðila utan skólans sem koma að umferðarfræðslu barna með einum eða öðrum hætti. Þar koma fram bæði fastir liðir sem þarf að dagsetja með tilliti til námsáætlana í árgöngum og hugmyndir sem vinna þarf betur úr (sjá fylgiskjal 2).
- Yfirlit yfir ýmsar vefsíður sem geta nýst við umferðarfræðslu og vinnu með hvers konar forvarnir og lífsleikni. Umsjónarkennarar fengu þetta skjal einnig sent í tölvupósti svo hægt væri að vista það inn á skjáinn á nemendatölvum í hverri skólasstofu og auðvelda nemendum þannig aðgang að vefsíðunum (sjá fylgiskjal 3).
- Ábendingar um hugsanleg tengsl umferðarfræðslu við lífsleikni, íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt (sjá fylgiskjal 4).

Gert er ráð fyrir að tillögurnar og önnur gögn sem umsjónarkennarar fengu í hendur endurspeglar í námsáætlun hvers árgangs og að í lok skólaársins megi lesa út úr skólanámskrá skólans „...heildstæða áætlun um umferðarfræðslu frá 1. - 10. bekk þannig að samfella/stígandi verði í fræðslunni frá upphafi skólagöngu til loka grunnskólans.“ Hugmyndir að námsmati verða unnar í framhaldi af því, það er að segja hafi þær ekki þegar komið frá hjá umsjónarkennurum.

Yfirlit hefur verið gert yfir samstarf við utanaðkomandi aðila (sjá fylgiskjal 2) en eftir er að styrkja það enn frekar meðal annars með því að skilgreina nánar hvað í því felst. Það verkefni verður að vinna í samræmi við námsáætlanir sem umsjónarkennarar setja fram fyrir hvern árgang og skoðast í heild sinni í vor. Lögreglan á Akranesi heimsækir jafnan hvern árgang þar sem farið er yfir ákveðin viðfangsefni sem tengjast bæði umferðarfræðslu og forvörnum (*Lögreglumappan 1 og 2, ÞOR* o.fl.). Heimsóknir lögreglunnar eru ákveðnar í samráði við deildarstjóra og umsjónarkennara hvers árgangs en vilji er fyrir því að gera tímaáætlun yfir þær þannig að allir aðilar verði ætíð vel undirbúnir. Ætlunin er að slík áætlun liggi fyrir að loknu þessu verkefni.

Sú hefð hefur verið við lýði í Grundaskóla að hafa starfandi umferðarfulltrúa sem hefur meðal annars séð um að skipuleggja samskipti við lögreglu og aðra aðila sem koma að umferðarfræðslu en það starf er nú í höndum deildarstjóra hvers stigs.

Niðurstöður úttektar á stöðu umferðarfræðslu í skólanum sem gerð var á skólaárinu 2002 – 2003 var kynnt á fundi hjá foreldrafélagi Grundaskóla í október 2003 og farið yfir markmið þessa verkefnis í framhaldi af því. Einnig var kynntur gátlisti (sjá fylgiskjal 5) sem ætlaður er foreldrum en þar koma fram helstu atriðin sem skipta nemendum máli í umferðinni og falla undir lög og reglugerðir og skólareglur Grundaskóla. Tilgangur hans er að styðja við umferðarfræðslu heimilanna og styrkja samstarf foreldra og kennara á sviði umferðarfræðslu. Gátlistinn var sendur öllum nýjum foreldrafulltrúum til umsagnar nú í haust og barst ein ábending um viðbót á listann. Gátlistann er að finna á heimsíðu Grundaskóla á Skólatorginu undir hnappnum „Umferðin“ <http://www.aknet.is/grundaskoli/Umferð/index.htm>.

Vinna þarf frekar með foreldrafélaginu að því að kanna aðkomu foreldra að umferðarfræðslunni og hvernig þeir haga henni almennt heima fyrir. Fylgjast þarf

með því hvort gátlistinn komi að notum sem stuðningur við heimilin eða hvort skólinn þurfi að leggja meira að mörkum til samstarfsins.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að kanna óskir eldri nemenda um áherslur í umferðarfræðslu. Hugmyndin var að útbúa könnun og leggja hana fyrir nemendur elsta stigsins en frá því horfið og í stað þess tekinn einn dagur þar sem unnið var heildstætt verkefni með nemendum 9. bekkjar þar sem hugmyndir þeirra um umferðarfræðslu voru kannaðar. Vinnan hófst á því að nemendur voru spurðir að því hvers vegna væri þörf á umferðarfræðslu og svaraði þar hver fyrir sig (sjá fylgiskjal 6). Eftir að hugmyndir þeirra höfðu verið ræddar var farið yfir ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla frá 1999 um umferðarfræðslu og skoðað hvernig þau samræmdust hugmyndum nemenda. Að því búnu tók við hópvinna þar sem nemendur skoðuðu það umferðarnámsefni sem er á boðstólum í dag og settu síðan fram eigin hugmyndir um umferðarfræðslu. Vinnunni lauk með því að nemendur kynntu niðurstöður sínar (sjá fylgiskjal 7).

Fjórleg umræða skapaðist meðal nemenda þegar form og áherslur í umferðarfræðslu voru ræddar. Þegar þessar umræður eru dregnar saman þá má segja að unglingarnir kalli á ákveðnar áherslubreytingar í fræðslunni. Þeir vilja aukna verklega vinnu í stað fyrirlestra og bókavinnu. Þau vilja vera virk í kennslunni og fá að prófa sig áfram. Nemendur bentu á fjölmörg atriði sem virkuðu hvetjandi í umferðarfræðslunni s.s. tengsl við bifhjóla- og ökunám, öflug skyndihjálparfræðsla, umræður um siðferðislega þætti umferðarsamfélagsins, að endurskinsmerki yrðu hönnuð með unglinga í huga og að nemendur kæmu jafnvel að slíkri hönnun. Ljóst er að nemendur hafa áhuga á umferðarfræðslunni og telja hana mikilvægan námsþátt. Hins vegar vilja þeir breytingar og telja hefðbundna bókavinnu og fyrirlestra fráhrindandi. Í þessari vinnu var þekking nemenda á umferðarmerkjum ekki könnuð sérstaklega. Þá á eftir að skipuleggja hvort unnið verði á skipulagðan hátt úr slíkri kunnáttu svo og vinnu með siðferðisleg álitamál. Þessi vinna er mjög áhuga verð en verður að bíða betri tíma.

Lokaorð

Megintilgangur verkefnisins er að byggja upp heildstæða áætlun í umferðarfræðslu fyrir 1. - 10. bekk í grunnskóla sem sífellt leitast við að bæta starf sitt. Áhersla er lögð á að ná samstarfi við alla aðila sem koma að umferðaruppeldi nemenda og að samræmi náist í kröfum og væntingum viðkomandi aðila til nemenda. Þannig vill skólinn leggja sitt af mörkum til að ala upp einstaklinga sem sýna ábyrga hegðun í umferðinni og geti með því verið öðrum til eftirbreytni.

Vinnunni er engan veginn lokið en mörgum fræjum hefur verið sáð og uppskeru beðið með eftirvæntingu. Að lokinni endurskoðun skólanámskár Grundaskóla fyrir þetta skólaár verður hægt að fullgera áætlun um umferðarfræðslu fyrir 1. - 10. bekk þar sem hugmyndir og álit allra viðkomandi koma fram ásamt skýrari leiðum að samstarfi við foreldra og utanaðkomandi aðila. Sú áætlun ætti að liggja fyrir á skipulagsdögum haustið 2004 til samþykktar sem ákvæði í Skólanámskrá Grundaskóla. Það að byggja upp heildstæða áætlun í umferðarfræðslu fyrir grunnskóla er ekki verk eins aðila heldur samstarf fjöldans. Samstarf milli skólans, starfsmanna, foreldra, nemenda og fjölda félagasamtaka og stofnana sem sinna umferðarmálum. Til þess að þessi áætlun gangi upp og sé framkvæmanleg þurfa allir þessir aðilar að leggjast á eitt. Ljóst er að verkefnið er vandasamt en ekki síður mikilsvert fyrir samfélagið á Akranesi.

Fylgiskjal 1:

Árstíðabundnar áherslur í umferðarfræðslu.

Ágúst - september

Upprifjun frá fyrra ári
Umferðarumhverfi skólans, þ.m.t. umferðarmerkin sem þar eru
Leiðin milli heimilis og skóla
Gangstéttir
Gangbrautir
Gangbrautaljós
Umferðarljós
Öryggi barna í bíl
Skólabíll/strætó
Hjól, hjólahjálmar og ljós á hjólin
Útivistartími
Hegðun í umferðinni - eigin ábyrgð og tillitssemi
Reglur

Október - desember

Endurskinsmerki
Hjól nemenda í 1. - 5. bekk í geymslu!
Hjól, hjólahjálmar og ljós á hjólin hjá nemendum 6. - 10. bekkjar
Leiksvæði, vetrarleikir
Hegðun í umferðinni- eigin ábyrgð og tillitssemi
Reglur

Janúar - mars

Gangstéttir
Gangbrautir
Gangbrautaljós
Umferðarljós
Endurskinsmerki
Hjól, hjólahjálmar og ljós á hjólin hjá nemendum 6. - 10. bekkjar
Hegðun í umferðinni- eigin ábyrgð og tillitssemi
Reglur

Apríl - júní

Leiksvæði
Hjól - reiðhjól, hlaupahjól, línuskautar
Hjólahjálmar og aðrar öryggishlífar
Hegðun í umferðinni- eigin ábyrgð og tillitssemi
Reglur

Fylgiskjal 2:

Samstarf við utanaðkomandi aðila

Lögreglan

- Vaktir við gangbrautarljósin í upphafi skólaárs
- Skoða námsefnið Lögreglumappan 1 og 2
- Dagsetja:
 - afhendingu á litabókinni *Ýma tröllastelpa byrjar í skóla*
 - dreifingu endurskinsmerkja
- Heimsóknir í árganga: Hvenær og í hvaða tilgangi? (ÞOR o.fl.)
- Öryggisbúnaður fyrir börn
 - áróður fyrir notkun hjólahjálma, ljósa á hjólin og endurskinsmerkjum í 6.-10. bekk (átak í tengslum við ÞOR o.fl.?)

Almenni Ökuskólinn, lögregla, ökukennarar

- Bifhjólakennsla
- Ökukennsla

Umferðarstofa/Námsgagnastofnun

- *Á leið í skólann*. Fræðsluefni ætlað foreldrum barna sem eru að hefja skólagöngu. Sent til skólanna í upphafi skólaárs.
- Bæklingar og veggspjöld með umferðarmerkjum.
- Umferðargetraun fyrir jól

Ríkislögreglustjóri, RANNUM, Umferðarstofa

- Umferðarleikurinn Eldflugan - verkefni fyrir 3. bekk - ath. dagsetningar á sendingum verkefna

Skátar

- senda 1.bekkingum endurskinsborða heim að hausti - ath. dagsetning

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

- Eldvarnarvika fyrir jól, verkefni ætluð 3. bekk- ath. dagsetningu
- Heimsókn 3. bekkinga á slökkvistöðina - ath. dagsetning

Slysavarnarfélagið Landsbjörg:

- Geimálfurinn Gígur frá Varslys
- Reiðhjóladaur í maí (einnig lögreglan og Rauði krossinn)
 - ýmis verkefni sem nemendur vinna í sambandi við hjól og hjálma, s.s. hjólaskoðun og kannanir á hjálmanotkun

Rauði krossinn

- Hjólahjálmar handa 3. bekk - Er hægt að afhenda þá um mánaðarmót apríl/maí?
- Samstarf í tengslum við skyndihjálp - Heimsóknir - hverjir, hvenær og hvað gert? (ath. tengingu við söguramma)

Félagsmáladeild bæjarins, lögregla og foreldrar

- Útivistartími barna.

Akranesbær - Hönnunardeild (?)

- Til að hjólreiðaæfingar á skólalóð nái tilætluðum árangri þarf að gera ráð fyrir því við hönnun skólalóðarinnar að þar verði reiðhjólástígar með tilheyrandi umferðarmerkjum og ýmsar reiðhjóláþrautir.

Foreldrafélag/Foreldraráð

- Kynning á verkefninu.

Skoða nánar

- **Bolur** með slagorði, t.d.: Sýnið aðgát! Ungir vegfarendur á leið í skólann. Gefinn af skólanum með styrk frá tryggingafélagi?
- **Gangbrautarljós og gangbrautir** umhverfis Grundaskóla: Ath. hvort hægt er að endurvekja gæslustörf 10. bekkjar á þessum stöðum
- **Umferðarvinir** - Gönguleiðir til og frá skóla: Eldri nemendur taka að sér að fylgja yngri nemendum (systkinum, frændsystkinum, nágrönnum) í skólann einu sinni til tvisvar á skólaárinu og hjálpa þeim að finna öruggustu leiðina til og frá skóla. Hér gæti verið um ákveðna daga að ræða á hverju skólaári og verkefnið undirbúið í samráði við foreldra og lögreglu sem kæmi að með fræðslu og væri sýnileg á vettvangi þessa daga.

Samstarf við utanaðkomandi aðila. Hverja eru helstu óskir kennara?

Fylgiskjal 3:

Vefir

<http://www.police.is> **Lögreglan**

Forvarnir, fræðsla og viðbrögð

Innbrot og þjófnaðir

Fíkniefni og aðrir vímugjafar

Netið

Hvað segja lögin? Barnaverndarlög, útivistartími

Fræðsluefni Lögreglumappan 1 og 2 Fræðsluefni lögreglunnar fyrir skóla og foreldra

Vefir um forvarnir

Ýmislegt, s.s. um misnotkun lyfja

Greinar

<http://www.landsbjorg.is> **Slysavarnarfélagið Landsbjörg**

Molar (hægra megin á síðu)

Geimálfurinn frá Varslys. Hægt að senda honum tölvupóst...

<http://www.us.is> **Umferðarstofa**

Umferðarfræðsla

Um umferðarfræðslu á öllum skólastigum

Umferðaröryggi

Öryggisbúnaður

Umferðarmerkin <http://www.umferd.is/merki/main.htm>

Umferðarljós

Akstur um ljósastrýrð gatnamót og um hringtorg

Hemlunarvegalengd

Hraði/tími

Umferðaröryggisáætlun

Ökuréttindi

Gagn og gaman - Bílpróf á vefnum

<http://www.eldflugan.is> **Eldflugan**

Umferðarverkefni fyrir 8 ára börn

Skólabilinn

Leiðin í skólann

Starf lögreglu

Umferð og árstíðir

Umferðarljós og umferðarmerki

Endurskin

Barnið í bílnum

Aðkoma að slysi

Í heimildaskrá og víðar í efninu eru slóðir að ýmsum vefsíðum sem tengjast umferð.

<http://www.redcross.is>

Rauði krossinn

Starfið heima, m.a.:

Eigum við að hjálpa öðrum? BA ritgerð í heimspeki – Sigríður Víðis Jónsdóttir

Skyndihjálp

Börn og unglingar

Hjálparsími Rauða krossins, 1717, er gjaldfrjáls sími...

Námskeið

<http://fikt.is/> Rauðakrosshúsið – neyðarathvarf fyrir ungt fólk...

<http://www.gamlaapotekid.is/> á Ísafirði

<http://www.gamlaapotekid.is/> vettvangur ungs fólks í Rauða krossinum...

<http://www.fjolsmidjan.is/> býður upp á fjölþætta verkþjálfun og fræðslustarfsemi fyrir ungt fólk sem er að fóta sig að nýju í samfélaginu...

Fræðsla og útgáfa, m.a.:

Skólavefur

Markmið fyrir öll grunnskólastigin ásamt kennsluefni og kennsluleiðbeiningum

<u>Yngsta stig</u>	<u>Miðstig</u>	<u>Unglingastig</u>
<u>Sasha</u>	<u>Hjálpfús</u>	<u>Æska í skugga ofbeldis</u>
<u>Elvíra</u>		<u>Mannréttindi</u>
<u>Lí Song</u>	<u>Er til lím í Afríku?</u>	<u>Skyndihjálp og endurlífgun</u>
<u>Við hjálpum</u>		<u>Fræðslurit</u>
<u>Æ, þetta er sárt!</u>		<u>Von í tæru vatni</u>
		<u>Tag og Túrbo</u>
		<u>Gegn ofbeldi</u>
		<u>Ef bara ég hefði vitað</u>

Námskeið

[Á flóttu - hlutverkaleikur](#)

[Börn og umhverfi](#)

[Mannúð og menning](#)

[Skyndihjálp](#)

[Sumarbúðir](#)

[Umhverfisnámskeið](#)

Myndbönd

[Sagan að baki hugmynda](#)

Myndband sem fjallar um tilurð Rauða krossins og sögu í einföldu máli og myndum. Framleitt af Alþjóðaráði Rauða krossins árið 1992.

[Von í tæru vatni - myndband](#)

Mynd sem gefur innsýn í mikilvægi þess fyrir íbúa í afskekktu héraði í Afríku að hafa aðgang að hreinu vatni

<http://www.lsos.is>

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Forvarnir

Eldvarnarleikur þar sem æðar eru flóttaleiðir út úr brennandi húsi.

<http://www.vis.is>

VÍS Vátryggingarfélag Íslands

Forvarnir

Umferðarfundir VÍS
Tímaritið STANZ
Varnir gegn óhöppum
Bílpróf VÍS
Æfingaakstur

Á forsíðu

<http://verslun.vis.is/cgi-bin/vis.storefront>
Ljósmyndir af ýmsum öryggisvörum og verð.

Öryggisverslun VÍS

<http://www.vis.is/web/web.nsf/pages/frett234234.html>

Sjónvarpsauglýsing VÍS, "Heppinn" sem birst hefur að undanfögnu í sjónvarpi og kvikmyndahúsum

<http://www.sjova.is>

Sjóvá-Almennar

Forvarnir

Í umferðinni, m.a.:
Akstur
Ungir ökumenn
Bílpróf á sjova.is

Fylgiskjal 4:

Umferðarfræðsla - hugsanleg tengsl við aðrar námsgreinar

Lífsleikni

- Leikreglur í mannlegum samskiptum
- Dómskerfið, lög og reglur.
- Samskiptafærni
- Ábyrg hegðun í umferðinni/siðferði í umferðinni.
- Umferðarreglur.
- Umferðarmerki.
- Öryggi í umferðinni.
- Reiðhjól, hlaupahjól, línuskautar.
- Almenningsvagnar.
- Vegvísar, vegaskilti, kort og tímatöflur.
- Slysavarnir
- Forvarnir
- Áróður í auglýsingum (glannaakstur og hálfnaktar unglingsstúlkur).

Upplýsinga- og tæknimennt

- Vinna með umferðarnámsefni sem er að finna á Netinu, sjá yfirlit yfir vefi sem tengjast umferð.
- Nota skólabókasafnið og Netið við upplýsingaleit.
- Nota tölvutæknina til að vinna verkefni tengd umferð, t.d. nýta forrit eins og Exel, Power Point og Front Page (...búa til bekkjarvef um umferðarmál) og myndvinnslutæknina.
- Myndbönd um umferðarmál, s.s. fræðsluefni, auglýsingar og fréttir.
- Búa til líkan af bæjarsamfélagi þar sem unnið er með samgöngur og umferðarreglur (frá hugmynd til afurðar)
- Búa til umferðarmerki til að nota á reiðhjólbrautum á skólalóð (sbr. verkefni í Garðalundi á Vordögum).

Íslenska

- Heiti umferðarmerkja.
- Lestur á fjölbreyttu efni sem tengist umferð.
- Upplýsingaöflun, úrvinnsla og túlkun.
- Notkun á margmiðlunarefni.
- Úrvinnsla úr tölulegum og myndrænum upplýsingum.
- Framsetning/flutningur á niðurstöðum verkefna, m.a. með aðstoð upplýsingatækni.
- Ritun.
- Frásögn, umræða og hlustun
- Texti í tjónaskýrslum (málvillur o.fl.)

Stærðfræði

- Söfnun upplýsinga um eitt og annað sem tengist umferð.
 - Skráning á niðurstöðum í súlurit og gröf.
 - Umræða um niðurstöður og rökstuðningur.
 - Að búa til og vinna með kort af umhverfinu.
 - Lögur og stærð umferðarmerkja.
 - Þrautalausnir sem tengjast umferðinni.
 - Útreikningur á tíma, tímaáætlanir og töflulestur.
 - Vinna með hlutföll og mælingar við gerð líkans af bæjar- samfélagi.
 - Mælingar á hemlunarvegalengd o. fl. sem tengist umferð. <http://www.us.is>
- Umferðaröryggi:** Hemlunarvegalengd, Hraði/tími

Samfélagsfræði

- Áhrif umferðar á samfélagið sem nemendur lifa í, þ.m.t. umferðarumhverfi skólans og leiðin milli heimilis og skóla.
- Reglur.
- Umferðarmenning.
- Þjónustustofnanir sem tengjast umferð og störf fólks á þessum stofnunum.
- Athuganir á ýmsu sem snertir umferð, úrvinnsla, túkun og framsetning.
- Samgöngur og farartæki fyrir og nú.

Náttúrufræði

- Áhrif umferðar á umhverfið og náttúruna, s.s. umferðarmannvirki og mengun.
- Hönnun umferðarmannvirkja.
- Áhrif árstíðabreytinga á umferðina.
- Mismunandi orkugjafar, tækninýjungar á því sviði og áhrif þeirra á samfélagið.
- Orkuþörf ökutækja.
- Kraftur og hreyfing: <http://www.us.is> **Umferðaröryggi:** Hemlunarvegalegd, Hraði/tími

Fylgiskjal 5:

Áherslur í umferðarfræðslu heimilanna

Í upphafi hvers skólaárs er mikilvægt að fara yfir helstu umferðarreglur sem nemendur þurfa að þekkja og geta nýtt sér til að tryggja öryggi sitt í umferðinni.

Við höfum tekið saman eftirfarandi gátlista til að auðvelda foreldrum og forráðamönnum þessa vinnu.

Gátlisti

- Leiðin milli heimilis og skóla (og frá heimili vinar að skóla)
- Leiðir milli vana
- Gangstéttir
- Gangbrautir
- Gangbrautaljós
- Umferðarljós
- Öryggi barna í bíl
- Skólabíll/strætó
- Hjól, hjólahjálmar og ljós á hjólin
- Útivistartími
- Endurskinsmerki
- Hjól nemenda í 1. - 5. bekk í geymslu 1. október
- Hjól, hjólahjálmar og ljós á hjólin hjá nemendum 6. - 10. bekkjar
- Leiksvæði, vetrarleikir

Á vorin þarf að leggja sérstaka áherslu á:

- Leiksvæði, vor- og sumarleikir
- Hjól - reiðhjól, hlaupahjól, línuskautar
- Hjólahjálmar og aðrar öryggishlífar

Kennum börnum okkar

Að virða umferðarreglur
Að virða reglur um útivistartíma
Að sýna tillitssemi í umferðinni
Að sýna ábyrga hegðun í umferðinni

Akstur umhverfis skólann


Vinsamlegast notið útskot við Víkurbraut og Innnesveg
til að hleypa nemendum út úr bílunum
í stað þess
að aka inn á bílastæði skólans

Fylgiskjal 6:

***Hvers vegna umferðarfræðsla?
Hugmyndavinna með nemendum í 9. bekk.***

- Til að sýna hvernig götur, umferðarljós og gangbrautir virka.
- Til þess að fækka dauðaslysum ungs fólks í umferðinni.
- Til þess að kynna ungu fólki umferðina.
- Svo að maður lendi ekki undir bíl.
- Til að fækka umferðarslysum.
- Til þess að krakkar kunni á bifhjól.
- Til að krakkar kunni að keyra og til að vita meira.
- Til að auka öryggi í umferðinni.
- Læra hvernig maður hagar sér nálægt umferð.
- Svo fólk verði varkárara í umferð.
- Til þess að menn séu ekki að keyra á ljósastaura.
- Fá unglingana til að hugsa um öryggi í bílum.
- Til að passa litlu krakkana.
- Til að ungt fólk noti gangbrautir.
- Auka öryggi nemenda og minnka líkurnar á umferðarslysum.
- Þá þarftu færri tíma í ökukennslu [ef ökunám færist að hluta til inn í grunnskólann].
- Til að krakkar verði meðvitaðri um umferðarfræðslu þegar kemur að bílprófi.
- Til að auka öryggið.
- Til að við vitum að snjór getur orðið að klaka á götunum.
- Mig langar ekkert til að lenda í umferðarslysi.
- Til að bæta öryggi vegfarenda.
- Til að fræða fólk um hættur sem leynast í umferðinni.
- Ég vil geta keyrt skellinöðru lengur en í eina viku.
- Til þess að fækka slysum.
- Til að maður labbi ekki yfir gangbrautina þegar það er rauður karl.
- Betra fyrir unglingana að taka bílpróf - „léttara“ vegna þess að þá vita þeir meira.
- Til að allir viti hvernig á að haga sér í umferðinni.
- Til að börn deyi ekki við að hjóla á götunni.
- Til að fækka umferðarslysum.
- Til að maður geti keyrt stórslysalaust.
- Til að börn viti meira um umferðarreglur.
- Til að það verði færri bílslys.
- Til þess að fækka umferðarslysum.

- Aukið öryggi í umferðinni.
- Til þess að fækka slysum.
- Til þess að bæta öryggi.
- Svo krakkar kunni umferðarreglurnar.
- Svo að fólk fari sér ekki að voða.
- Það er svo mikið af umferðarslysum þess vegna þarf að fá meiri kennslu í skólana.
- Krakkar þurfa að fá að fræðast um svona hluti.
- Það þarf að fræða krakkana um að það er ekki bara leikur að keyra bíl eða bifhjól.
- Krakkar vita ekki nógu mikið um bifreiðar.
- Þurfa einhvern tíma að læra þetta.
- Það er mikilvægt að fækka slysum.
- Til að bæta öryggi.
- Til að tryggja öryggi ungs fólks í umferðinni.
- Til að fækka slysum.
- Fækka dauðaslysum.
- Það er út af því að krakkarnir þurfa að læra umferðarreglurnar.
- Til þess að krakkarnir verði meðvitaðri um umferðarreglurnar.
- Til að fræða okkur um hættur á götunum.
- Til að fækka umferðarslysum.



9. bekkur SR og LK í Grundaskóla á Akranesi.

Fylgiskjal 7:

***Hugmyndavinna með nemendum í 9. bekk.
Niðurstöður hópvinnu***

Hópur 1

Hvað er hægt að gera til að umferðarfræðslu skemmtilegri?

- Fara í starfskynningu hjá Lögreglunni
- Hafa ókeypis RKÍ námskeið í boði fyrir alla (skyndihjálpi)
- Fá einhvern til þess að halda fyrirlestur sem hefur lent í bílslysi
- Fara í gönguferðir til að læra umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur
- Gera umferðarþrautabraut
- Gera bóklegt hópverkefni um ábyrgð og tillitsemi í umferðinni
- Búa til vettvang þar sem er nýbúið að vera bílslys og leyfa krökkum að spreyta sig á grundvallarreglum um röð aðgerða á slysastað
- Í lok skólaárs að fara í keppni á milli bekkja, bóklega og verklega um það hver sé best að sér í umferðinni
- Gera videomynd um Umferðafræðslu

Bílbelti

- Það eiga allir að nota bílbelti af því að það getur bjargað manni ef maður lendir í bílslysi
- En það eru flestir sem nota bílbelti og það er gott

Hjólahjálmar ☺

- Það er ekki hægt (erfitt) að fá krakka til að nota hjólahjálma.
- Krakkar eiga aldrei eftir að vilja það, það skiptir ekki máli hve oft löggan tekur þau ... Þau ganga aldrei með hann.
- Krakkar gætu notað hjálm ef þeir væru ósýnilegir

Endurskinsmerki

- Ef krakkar eiga að vera með endurskinsmerki þá þurfa þau að vera flott á litinn.

- Þá kannski myndu krakkar vera með endurskinsmerki

Hópur 2

Óska námsefni

- Hvað viljum við fá út úr umferðarfræðslunni?
- Ábyrg hegðun í umferðinni
- Hvað er ábyrg hegðun í umferðinni?
- Við viljum ræða um umferðina og það sem er að gerast í henni. Við viljum ekki vinna bara bókleg verkefni og heldur hafa gaman í kennslustundum!!!

Hvað viljum við fá

- Ábyrg hegðun í umferðinni
- Það eru svo mörg banaslys og árekstrar á hverju ári og það getur sýnt okkur að það þarf ábyrgð í umferðinni.

Hvað er ábyrg hegðun?

- Ábyrg hegðun er að taka tillit til annarra t.d. stoppa á rauðu ljósi og gefa stefnuljós eða bara fara einfaldlega eftir umferðareglunum.

Hópur 3

Okkur finnst...

- Að nauðsynlegt sé að kenna skyndihjálpi í skólum
- Að það eigi að tala mikið um afleiðingar áfengis, fíkniefna og reykinga
- Að eigi að byrja umræður um umferð og skyndihjálpi í 1.-3. bekk
- Að það ætti að byrja að kenna um umferð og skyndihjálpi í 4. bekk og alveg út skólagöngu
- Að eigi að fá einhvern lærðan mann frá umferðarstofnun til að fræða börnin um umferð og umferðarslys
- Það sama er að segja um skyndihjálpi, þ.e.a.s að fá einhvern lærðan til að fræða börn um skyndihjálpi

Er umferðarfræðsla í grunnskólum mikilvæg og til hvers???

- Já hún er mikilvæg til þess...
- Að krakkar viti meira um umferðina
- Að fækka slysum
- Að krakkar séu meðvitaðir um hættur sem leynast í umferðinni
- Að fólk á öllum aldri verðir varkárara

Skyndihjálp

- Það er nauðsynlegt að krakkar á öllum aldri viti mikið um skyndihjálp
- Krakki verður að vita hvað hann á að gera ef hann kemur að einhverjum meðvitundarlausum

Hvernig er hægt að kenna umferðarfræðslu???

- Hægt er að fá sérfræðing til að ræða yfir bekkina
- Ef það kemur sérfræðingur, má hann ekki standa og tala út í eitt.
- Leifa krökkunum líka að tala
- Hægt er að búa til myndasögur fyrir yngri krakka
- Ekki að hafa of mikla bókavinnu
- Gert verkefni eða jafnvel að setja upp leikrit
- Reyna að hafa fræðsluna á sem skemmtilegastan hátt svo krakkarnir vilji fylgjast með

Hvernig er hægt að kenna skyndihjálpu???

- Hægt er að fá fyrirlesara til að fræða börnin
- Hægt er að hafa æfingar svo krakkarnir viti upp á hár hvað eigi að gera í neyð
- Kynna fyrir krökkum að alvarleg slys geta átt sér stað nær hvar og hvenær sem er.
- Svo geta krakkarnir komið sjálf með hugmyndir

Hópur 4

Umferðaröryggið

- Verkleg og skrifleg verkefni sem geta komið manni að góðum ökumanni í umferðinni

Verkleg verkefni

- Við myndum senda krakkana í bílahermi til að sjá hversu mikið þau taka eftir í umferðinni, sýna krökkunum myndbönd og þau eiga að sýna blindfullt fólk klessa bíla.

Verkleg verkefni

- _ Hræðsluáróður getur haft áhrif svo lengi sem sömu hlutirnir eru ekki alltaf setir fram á sama hátt. Muna að hafa fjölbreytni í vinnubrögðum.

Skrifleg verkefni

- Í skriflegum verkefnum myndum við kenna krökkunum helstu umferðarmerki t.d. bannmerki, viðvörðunarkerki, boðmerki og leiðbeiningarkerki út af því að hálfvitar fæðast á hverjum degi og þeir gætu fengið bílpróf.

Skrifleg verkefni

- Hafa umferðarnám sem skyldu ☺ í Grundaskóla, (40 mín á dag) frá 1. bekk til 10. bekk. Þetta yrði gert til að krakkar séu betur undirbúnir fyrir framtíðina. Við munum láta þau taka próf um umferðarmerki í öllum samræmdum prófum og öllum prófavikum í grunnskóla.

Hópur 5

Endurskinsmerki

- Endurskinsmerki eiga að vera adidas, nike eða puma eða einhvað. Þá myndu kannski fleiri nota þau

Viðtal við Lögregluna

- Hvernig verkefni geta unglingar fengið hjá lögreglunni?
- Svar: Lögreglan kemur með verkefni í skólann og kennararnir verða að koma verkefninu á framfæri.
- Hvernig getið þið komið við móts við okkur um umferðafræðslu?
- Svar: Með góðu samráði milli kennara og nemenda.!
- Hvernig myndi ykkur lítast á að unglingar myndu fá bílprófið 1 ári fyrr?
- Svar: Það er ekki gáfulegt að læra einu ári fyrr, en það mætti vera meiri kennsla. T.d það er ekki eins mikil kennsla á veturna í hálkunni eins og á sumrin.
- Geta allir í 9.bekk komið í starfsfræðslu einhvern tímann?
- Svar: Já það væri hægt í hópum en ekki allir í einu! En við höfum fengið svona 3-4 í starfsfræðslu.
- Það vantar umferðarfræðslu í unglingastiginu, finnst ykkur ekki vera nausynlegt að hafa umferðafræðslu? Og haldið þið að unglingar mundi læra á því?
- Svar: Já það á að byrja í leikskólum og halda svo áfram.
- Hvað er aðalatriði að læra í umferðinni?
- Svar: Tillitsemi og kurteisi. Þá gengur allt betur!
- Væruð þið til í að koma og vera með fyrirlestur á unglingastiginu um umferðafræðslu?
- Svar: Já ef óskað er eftir því!

Umferðafræðsla í skólum

- Til þess að krakkar verði meðvitaðri um umferðafræðslu þegar kemur að bílprófi.
- Til að krakkar viti meira um umferðina og umferðareglur og allt sem því tengist.
- Ef krakkar læra ekki umferðareglurnar þá fara þeir kannski yfir á rauðum kalli og þá getur bíll keyrt yfir viðkomandi.

Bílpróf

- Við teljum æskilegt að meiri tengsl séu á milli umferðarfræðslu í skólanum og ökunáms hjá ökukennara. Það er æskilegt að hluti af bóklegum undirbúningi fyrir ökunám komi inn í skólana eða a.m.k. tengist betur en nú er. Því fyrir og markvissar sem nemendur fá fræðslu því betri vegfarendur verða viðkomandi.

Vegfarendur

- Gangandi vegfarendur verða að sýna bæði tillitsemi og kurteisi í umferðinni svo sem að fara ekki yfir á rauðu ljósi og fara yfir á gangbraut.
- Akandi vegfarendur verða líka að sýna tillitsemi og kurteisi í umferðinni og einnig fara eftir umferðarreglum sem gilda. Sem sagt stoppa á rauðu ljósi og hleypa gangandi vegfarendum yfir götuna.

Hópur 6

Hvernig umferðarkennsla ætti að vera á unglingsstigi

- Það ætti að vera bók til að læra á bílinn svipað og bókina “komdu og skoðuðu bílinn,, en á þroskaðari hátt
- Maðu ætti að mega að prufa bifhjól til að maður viti hvernig á að keyra svona
- Unglingar ættu að læra skyndihjálpu vegna þess að ef það gerist eitthvað verður maður að vita einhvað hvað á að gera
- Horfa á fræðslumynd um árekstra og fleira
- Unglingar að fara á námskeið um skyndihjálpu, þegar krakkar lenda í árekstrum þá vita þau hvernig á að bregðast við!

Hraðakstur

- Hraðakstur tíðkast oftast hjá ungum ökusveinum þeir eru oftast að sýnast fyrir vinum sínum.
- Hraðakstur leiðir oft til árekstra og dauðsfalla.

Hvað á að gera til að láta unglingar nota hjálm

- Hafa hjálminn með skemmtilegum myndum á.
- Eða að láta hjálminn vera húfa með “stáli” inni

Hvernig á að láta unglinga nota endurskinsmerki

- Láta foreldra vera með merki þá taka krakkarnir þau sér til fyrirmyndar
- Láta strákana fá blá merki og stelpurnar bleik

Belti

- Belti eru nauðsynleg fyrir alla bíla og flugvélar vegna þess að ef eitthvað bregður út af getum við hreinlega skotist upp úr sætunum. Það geta orðið ótrúleg högg þannig að líkaminn verður að vera festur niður á einhvern hátt.

Hópur 7

Hugmyndir um kennsluaðferðir

- Sýna nemendum umferðarauglýsingar og myndbönd þar sem þeim er sýnt afleiðingar árekstra og ýmissa umferðaóhappa. Bæði á fólki og bilum.
- Læra umferðarmerki með því að fara í göngutúra og skoða merkin og gá hvað þau þýða í bók.
- Læra umferðamerki með því að fara í göngutúra, skoða merkin og gá hvað þau þýða í bók.
- Gera verkefni í tölvu, finna umferðarmerki og þýðingu þeirra.
- Fara inn á Vog til að hitta krakka sem eru í endurhæfingu.
- Búa til auglýsingar sambandi við umferð og umferðaslys.

Hjólahjálmar

- Til að unglingar noti hjálma meira þá þarf að hanna flottari hjálma sem fer minna fyrir og eru þægilegri.
- Endurskinsmerki
- Hafa endurskinsmerki í mismandi lögum, gerðum og litum.

Bílbelti

- Bílbelti geta bjargað fólki frá því að slasast alvarlega ef það lendir í bílslysi.
- Bílbelti eru notuð til að festa niður barnastóla svo krakkinn kastist ekki með sætinu á gólfíð og slasist.

Áróður

- Helstu áróðursmiðlar nútímans eru auglýsingar, dagblöð, sjónvarp og tímarit. Það eru bílaverksmiðjur sem standa aðallega fyrir þessum áróðri.

Hópur 8

Við fengum nokkrar hugmyndir um um fræðsluefni, hér koma þær hugmyndir á næstu síðum.

Skyndihjálp

- Gott er að læra um skyndihjálp svo maður viti hvað maður eigi að gera ef að maður kemur að slysi.

Verklegt Nám

- Við myndum vilja vinna verkefni fyrir utan skólastofu. Þannig að við myndin fara út í umferðina og vinna kannski verkefni úr því og kynna það fyrir öðrum.
- Hraðakstur í umferð.
- Hraðakstur í umferð getur skaðað okkur alvarlega og aðra sem gætu lent á leið okkar.

Undirbúningur

- Undirbúningur ökunáms í bóklegu námi eða í vali. Með því að læra um öll umferðarskilti.

Skellinöðrunám

- Geta tekið skellinöðrunám sem val á einni önn eða geta tekið það á vegum skólans utan hans.

Umferðarskilti

- Læra um umferðarskilti hvort sem þau eru fyrir bíla eða bifhjól.
- Kennslubók
- Vera með kennslubók sem hefur myndir sem gætu skýrt textann betur sem maður væri að lesa í henni. Hafa líka fjölbreytta vinnu t.d. Ýmis verkefni (hópa).

Ölvun

- Kynna fyrir okkur hver áhrif ölvunar við akstur.

Hópur 9

Hvað er til

- Nóg er af námsefni fyrir yngsta stig og miðstig en ekki er nóg af kennsluefni fyrir unglingsstigið.

Hvað við viljum

- Við myndum vilja að meiri kennsla væri á netinu til þess að auðveldara væri að nálgast kennsluefnið. Einnig myndum við vilja að kennsla í skólanum væri meira verkleg, eins og í skindihjálpi þá væri hægt að kenna blástursaðferðina eða hvernig á að búa um sár og kenna að bregðast við ýmsum atvikum.

Hvað við viljum að breytist

- Við viljum að bókleg vinna verði minnkuð í öllum fögum og önnur vinna verði aukin einsog verkleg vinna og sýnikennsla.

Bifhjólapróf

- Ef bifhjólakennsla væri færð inn í grunnskóla þá myndum við vilja að lögð væri áhersla á verklega kennslu og sýnikennslu.

Hjól

- Hjól eru farartæki sem er mikið notað af ungum krökkum og unglingum sem ekki eru komin með próf á vélknúíð farartæki. Þess vegna þarf að huga sérstaklega að þessum þáttum.